

Föstudagur, 30. ágúst 2002

187. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 31/2002

**Erindi Heimsklúbbs Ingólfs – Ferðaskrifstofunnar Príma hf.  
um endurupptöku ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 26/2002**

**I.  
Málavextir**

Samkeppnisstofnun hefur borist erindi, dags. 12. ágúst 2002, þar sem Heimsklúbbur Ingólfs – Ferðaskrifstofan Príma hf. óskar eftir endurskoðun ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 26/2002, *Auglýsingar Heimsklúbbs Ingólfs – Ferðaskrifstofunnar Príma hf. þar sem flugvallaskattar eru ekki innifaldir í auglýstu verði.* Með ákvörðuninni var lögð kr. 400.000 stjórnvaldssekt á ferðaskrifstofuna. Ákvörðunin var birt ferðaskrifstofunni þann 1. júlí 2002 og vakin var athygli á heimild til að áfrýja niðurstöðunni til áfrýjunarnefndar samkeppnismála innan fjögurra vikna. Á móttökukvittun gerði starfsmaður ferðaskrifstofunnar eftirfarandi fyrirvara:

*„Ath. Ingólfur Guðbrandsson er erlendis og kemur ekki fyrr en 15. júlí.“*

Ákvörðun samkeppnisráðs var ekki áfrýjað til áfrýjunarnefndar innan tilskilins tíma.

Í erindi ferðaskrifstofunnar, frá 12. ágúst sl., segir m.a. að þann dag sem forstjórinn hafi komið til vinnu hafi helmingur áfrýjunarfrests verið liðinn. Þá kemur fram að forstjórinn hafi verið óvinnufær síðustu vikur vegna alvarlegs bílslyss og því ekki haft tækifæri til að sinna málinu fyrr en með þessu bréfi. Síðan segir m.a.:

*„Sektargreiðsla sú, sem nú er krafist er í senn áfellisdómur um óheiðarleika í viðskiptum, sem ég viðurkenni ekki, og fjárhagslegt áfall... vænti ég að Samkeppnisstofnun endurskoði afstöðu sína og veiti málskotsréttinn. Ef þurfa þykir, mun lögfræðingur minn leggja fram gögn til stuðnings áfrýjun, svo að nú er spurt, hvort tekið verði tillit til ástæðna, sem telja verður gildar og alvarlegar?“*

*Undirritaður lítur svo á, að um misskilning sé að ræða, með því að sekta fyrirtæki mitt vegna auglýsingar á siglingu í Miðjarðarhafi, sem birtist í Morgunblaðinu 24. og 31. mars 2002. Fyrirtæki mitt er umboðsaðili skipafélagsins Princess, sem bauð því sérstök kjör í siglingu með brottför 18. ágúst. Þar er ég í fullum rétti að selja*

*siglingu, en ekki alferð. Ferðin var ekki auglýst sem slík og ekki sem hópferð, heldur áttu kaupendur valkosti um alla hluti, sem snertu siglinguna. Sumir keyptu siglinguna eina, og sáu að öðru leyti alveg um ferð sína sjálfir, en þeim til hagræðis var þeim boðið að kaupa gistingu á undan og eftir siglingu, sem sumir gerðu, einnig að fá flugferðir tengdar siglingunni, ef óskað væri, þar sem verð flugsins var ekki tilgreint sérstaklega, en flugvallarskattur samt tilgreindur sérstaklega. Allt var þetta valfrjálst og gert upp samkvæmt sundurliðuðum sérreikningi, eins og gerist í almennum viðskiptum. Ef þetta telst ólöglegt athæfi mun ég hætta ferðaskrifstofurekstri, en gera bæði stjórnvöldum og almenningi í landinu grein fyrir ástæðunni.*

*Það er ranghermt hjá fulltrúum Samkeppnisstofnunar að Heimsklúbbur Ingólfs – Príma tilgreini ekki flugvallaskatta í auglýsingum sínum. Taka verður tillit til sérstöðu Heimsklúbbsins – Príma varðandi flugvallaskatta. Allur þorri farþega frá Íslandi flýgur aðeins milli tveggja staða, gjarnan í leiguflugi, þar sem flugvallaskatturinn er hlutfallslega miklu lægri hluti af heildarfargjaldi en í langferðum í fjarlægjar heimsálfur, þar sem flogið er með fleiri flugfélögum í fleiri áföngum, og hver áfangi er skattlagður. Vægi flugvallaskatta í ferðum Heimsklúbbs Ingólfs er því meira, og hef ég bent á það í fyrri skrifum, að eðlilegra er að tilgreina flugvallaskatta sérstaklega. Áminning Samkeppnisstofnunar um að tilgreina flugvallaskatta hefur undantekningarlaust verið tekin til greina, með því að birta upphæð hans í auglýsingum. Hverjum farþega er í lófa lagið að leggja saman tvær tölur. Það er hártogun að gefa í skyn að farþegar séu blektir með þessu móti og storkun við almenna dómgreind fólks.*

*Heimsklúbbur Ingólfs – Príma starfar samkvæmt lögum og almennri réttarvitund fólks. Einnig vill hann geta virt álit og ákvarðanir Samkeppnisstofnunar. Því er það von undirritaðs, að Samkeppnisstofnun endurskoði ákvörðun sína og felli niður umrædda sekt að upphæð kr. 400.000.- Undirritaður mótmælir forsendum þessarar sektar, eins og fram kemur hér að ofan. Vilji Samkeppnisstofnun hins vegar halda áfram þessari aðför að fyrirtæki mínu, verð ég til þess knúinn að gera málið kunnugt fyrir alþjóð ásamt fleiri málum, sem Samkeppnisstofnun hefði fremur átt að láta til sín taka...“*

Með bréfi, dags. 21. ágúst 2002, tilkynnti Samkeppnisstofnun Heimsklúbbs Ingólfs – Ferðaskrifstofunni Príma að ósk ferðaskrifstofunnar um endurskoðun ákvörðunarinnar yrði tekin til athugunar í samræmi við 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

## II. Niðurstaða

Á fundi samkeppnisráðs, þann 30. ágúst 2002, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

Ákvörðunarorð samkeppnisráðs í máli þessu sem Heimsklúbbur Ingólfs – Ferðaskrifstofan Príma óskar endurskoðunar á hljóðar svo:

*„Með auglýsingum sem birtust í Morgunblaðinu 24. og 31. mars 2002 braut Heimsklúbbur Ingólfs – Ferðaskrifstofan Príma hf. gegn 1. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum nr. 21/1995, sbr. 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, þar sem flugvallaskattar eru ekki innifaldir í verði.*

*Með heimild í 51. gr. samkeppnislaga skal Heimsklúbbur Ingólfs – Ferðaskrifstofan Príma hf. greiða stjórnvaldssekt að upphæð kr. 400.000.*

*Sektin skal greiðast ríkissjóði eigi síðar en þremur mánuðum eftir dagsetningu þessarar ákvörðunar.“*

Eins og fram hefur komið var niðurstöðu samkeppnisráðs ekki áfrýjað til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Niðurstaða samkeppnisráðs grundvallaðist á eftirfarandi atriðum:

1. Í 1. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum, nr. 21/1995, segir að uppgefið verð skuli vera endanlegt verð til kaupanda.
2. Fyrirnefndar reglur voru sendar ferðaskrifstofunni, þann 18. janúar 1995, til upplýsinga.
3. Þann 28. febrúar 2002 sendi Samkeppnisstofnun ferðaskrifstofunni ítarlegt bréf þar sem var að finna yfirlit yfir þau lög og þær reglur sem gilda um auglýsingar í ferðaþjónustu. Tekið var fram að birtust auglýsingar sem ekki væru í samræmi við lög og reglur mætti búast við að viðurlögum samkeppnislaga yrði beitt.
4. Þrátt fyrir framangreint birtust ítrekað auglýsingar frá ferðaskrifstofunni þar sem uppgefið verð var ekki endanlegt verð til neytenda.
5. Auglýsingar þar sem ekki er farið að lögum villa fyrir neytendum, brjóta gegn 21. gr. samkeppnislaga og skekkja samkeppni á viðkomandi markaði.
6. Samkeppnisráð hafði þegar lagt sektir á fjögur ferðaþjónustufyrirtæki fyrir birtingar samskonar auglýsinga. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hafði staðfest niðurstöðu samkeppnisráðs í þeim ákvörðunum sem áfrýjað var. Með hliðsjón af

jafnræðisreglu stjórnáslulaga talði samkeppnisráð nauðsynlegt að beita viðurlögum á sama hátt og í fyrri málunum.

Ekkert ákvæði um endurupptöku mála er að finna í samkeppnislögum, nr. 8/1993, eða í málsmeðferðarreglum samkeppnisyfirvalda, nr. 922/2001. Um endurupptöku mála fyrir samkeppnisyfirvöldum gilda því ákvæði stjórnáslulaga, nr. 37/1993. Í 24. gr. laganna er kveðið á um endurupptöku mála eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun. Í greininni segir m.a.:

*„Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný ef:*

- 1. ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða*
- 2. íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.“*

Í greinargerð með frumvarpi til stjórnáslulaga segir m.a. um þessa grein:

*„Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. á aðili máls rétt á því að mál verði tekið til meðferðar á ný ef stjórnvaldsákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Hér verður því að vera um að ræða upplýsingar sem byggt var á við ákvörðun málsins en ekki rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um atvik sem mjög litla þýðingu höfðu við úrlausn þess.*

*Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. á aðili rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný ef íþyngjandi ákvörðun um viðvarandi boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því ákvörðun var tekin. Ef atvik þau, sem talin voru réttlæta slíka ákvörðun, hafa breyst verulega er eðlilegt að aðili eigi rétt á því að málið sé tekið til meðferðar á ný og athugað hvort skilyrði séu fyrir því að fella ákvörðunina niður eða milda hana. Ákvæði þetta hefur nán tengsl við meðalhófsregluna í 12. gr.“*

Í erindi Heimsklúbbs Ingólfs – Ferðaskrifstofunnar Prima kemur fram að í auglýsingum þeim sem sektað er fyrir hafi verið auglýstar siglingar en ekki alferðir, ekki hafi verið um hópferðir að ræða og flugvallaskattur hafi komið fram. Samkeppnisráð vill af þessu tilefni taka fram að þessi atriði hafa ekki þýðingu í þessu máli. 1. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum gerir þær kröfur að sé verð gefið upp í auglýsingum skuli það vera endanlegt verð til kaupenda. Um það var ekki að ræða í umræddum auglýsingum.

Samkeppnisráð hefur kynnt sér rök Heimsklúbbs Ingólfs – Ferðaskrifstofunnar Príma hf. fyrir beiðni um endurupptöku á ákvörðun nr. 26/2002. Samkeppnisráð telur að ekkert það hafi komið fram í erindi Heimsklúbbs Ingólfs – Ferðaskrifstofunnar Príma sem breytt hefði fyrri niðurstöðu ráðsins. Samkeppnisráð telur ljóst af málsatvikum að ákvörðun ráðsins hafi ekki byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, né hafi atvik breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Málið verður því ekki tekið upp með vísan til 24. gr. stjórnslulaga.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Samkeppnisráð telur að ákvörðun ráðsins nr. 26/2002 hafi ekki byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, né hafi hún byggst á atvikum sem hafi breyst verulega frá því að ákvörðunin var tekin. Ljóst er því að skilyrði 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 um rétt til endurupptöku máls eru ekki uppfyllt og telur samkeppnisráð ekki ástæðu til endurupptöku eða afturköllunar ákvörðunarinnar. Með vísan til framangreinds hafnar samkeppnisráð því beiðni Heimsklúbbs Ingólfs – Ferðaskrifstofunnar Príma hf. um að ákvörðun ráðsins nr. 26/2002 verði endurupptekin.“**